



Reykjavík, 17. júlí 2020

Samkomulag um sátt vegna brots Símans hf.

Hinn 15. maí 2020 gerði Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið eða eftirlitið) og Símann hf. (hér eftir málsaðili eða félagið) með sér samkomulag að ljúka með sátt máli vegna brots gegn 2. mgr. 93. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (hér eftir vvl.)

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 2. mgr. 93. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti með því að hafa ekki birt opinberlega hlutfall eigin hluta innan lögmæltis tímafrests þegar félagið með kaupum á eigin bréfum fór yfir 5% atkvæðisréttar.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 1.700.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Þann 28. júní 2019 tilkynnti málsaðili opinberlega að hann ætlaði að virkja endurkaupaáætlun sína, en áætlunin var samþykkt af hluthöfum 21. mars 2019. Í tilkynningu málsaðila 7. júlí s.á. upplýsti félagið í fyrsta sinn um niðurstöðu kaupa á eigin hlutum í samræmi við endurkaupaáætlun, sbr. 6. mgr. 4. gr. viðauka reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Þar komu m.a. fram upplýsingar um fjölda hluta sem málsaðili hafði keypt vikuna á undan og markaðsverð þeirra. Þá kom þar einnig fram að málsaðili ætti eftir kaupun 2,57% af útgefnum hlutum í sjálfu sér. Í framhaldi þeirrar tilkynningar og í samræmi við endurkaupaáætlun málsaðila tilkynnti félagið vikulega um kaup á eigin bréfum.

Í tilkynningu málsaðila 21. október 2019 vegna endurkaupaáætlunarinnar kom fram að félagið ætti 5,05% af útgefnum hlutabréfum í sjálfu sér. Við nánari skoðun Fjármálaeftirlitsins var ljóst að flöggunarskylda málsaðila í samræmi við 1. mgr. 93. gr. vvl. hafði myndast með kaupum málsaðila 17. október 2019 þegar eign málsaðila í eigin bréfum rauf 5,0%-markið og fór í 5,0068%. Samkvæmt 2. mgr. 93. gr. vvl. hefði málsaðili átt að birta flöggunartilkynningu opinberlega í síðasta lagi klukkan 12:00 þann 18. október 2019. Aftur á móti hefði tilkynning málsaðila, sem félli efnislega að þeirri kröfu sem gerð er í 1. mgr. 93. gr. vvl., ekki verið birt fyrr en 21. október 2019.

Lagagrundvöllur

Um flöggunarskyldu vegna eigin hluta útgefanda segir í 1. mgr. 93. gr. vvl.:

Ef útgefandi aflar eða ráðstafar eigin hlutum skal hann birta opinberlega hlutfall eigin hluta ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir til þess að hlutfallið nær, hækkar yfir eða lækkar niður yfir 5%



eða 10% atkvæðisréttar. Hlutfallið skal reiknað út á grundvelli heildarfjölda hluta sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting atkvæðisréttarins falli niður.

Eftir að flöggunarskylda myndast sbr. 1. mgr. 93. gr. vvl. ber útgefanda að birta tilkynningu opinberlega, sbr. 2. mgr. 93. gr. vvl.:

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu birtar opinberlega eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrir klukkan 12 næsta viðskiptadag eftir öflunina eða ráðstöfunina.

Með því að sinna ekki tilkynningarskyldu sinni fyrir kl. 12:00 þann 18. október braut málsaðili gegn 2. mgr. 93 gr. vvl. Brot á fyrrnefndu ákvæði getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 22. tölul. 1. mgr. 141. gr. laganna. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brots á 142. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 148. gr. laganna og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 326/2019. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal við ákvörðun sekta m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið tekið tillit til almenns mikilvægis tilkynninga um breytingar á verulegum hluta atkvæðisréttar (flöggun) skv. IX. kafla vvl., en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðarins með því að upplýsa um breytingar á verulegum hluta atkvæðisréttar í útgefendum. Slíkum tilkynningum er ætlað að stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráði verulegum atkvæðisrétti í útgefanda og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun hans. Tilkynningum skv. 1. mgr. 93. gr. vvl. er ætlað að varpa ljósi á breytingar á eignarhaldi útgefanda á verulegum hlut atkvæðisréttar í sjálfu sér. Þar sem atkvæðisréttur eigin hluta fellur niður skv. 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög megi ráða af tilkynningum skv. 1. mgr. 93. mgr. hvaða breytingar hafi orðið á áhrifum annarra hluthafa.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, heildarveltu málsaðilans m.v. ársreikning samstæðu málsaðila fyrir árið 2019, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 1.700.000 krónur.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 326/2019.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið felld það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.